

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 288 — 231. mál.

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um úrræði fyrir börn með alvarlegan hegðunarvanda eða geðvanda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðuneytið unnið að því að koma á fót úrræði á vegum heilbrigðisyfirvalda þar sem börn með alvarlegan hegðunarvanda eða geðvanda geta hlotið þjónustu?

Barna- og unglíngageðdeild Landspítala veitir börnum upp að 18 ára aldri geðheilbrigðisþjónustu vegna alvarlegs geðvanda. Þá starfrækir Sjúkrahúsið á Akureyri Barna- og unglíngageðteymi (BUG) sem veitir börnum upp að 18 ára aldri geðheilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisráðuneyti átti fulltrúa í stýrihópi um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra. Stýrihópurinn skilaði skýrslu til mennta- og barnamálaráðherra 30. ágúst 2023.